

Nr. 049 / 10 Árni ÞH 127***Fær veiðafæri í skrúfunu***

Skipaskr.nr. 5493
Smíðaður: Akureyri 1961, fura og eik
Stærð: 6,1 brl. 7,6 bt.
Mesta lengd: 9,81 m Skráð lengd: 9,3 m
Breidd: 2,82 m Dýpt: 1,47 m
Vél: GM diesel 54 kW, 1975
Fjöldi skipverja: 1



Simma ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 11. október 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 11. maí 2010 var Árni ÞH 127 á grásleppuveiðum skammt austan við Tjörnes. Veður: Logn.

Bátsverjinn var að draga síðasta netið í trossunni og kúplaði að skrúfunni til að andæfa en þá dró niður í vélinni og hún stöðvaðist. Í ljós kom að seinni baujan og færið hafði farið í skrúfunu. Báturinn var stutt frá landi þannig að bátsverjinn setti út akkeri og óskaði eftir aðstoð.

Björgunarsveitin Garðar sendi bát, með kafara um borð, sem dró Árna ÞH fyrst frá landinu og síðan var færið skorið úr skrúfunni. Árni ÞH sigldi eftir það til Húsavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að bátsverjinn taldi að ástæðan fyrir þessu hefði verið of mikil stytting á færinu en hann hafði hnýtt upp á það vegna grunnsævis. Hann hafði stytta færið svo mikið að baujan náði að sökkva. Hann var að veiða á um 10 faðma dýpi.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.